

## **Svör Framsóknarflokksins við spurningum Landssambands hestamannafélaga**

**1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?**

Höfum ekki ályktað um það en það er mjög skoðunarvert. Víða eru mörg vandamál þegar reiðvegir sem byggðir eru upp fyrir reiðvegafé notaðir af vélknúnum ökutækjum - bæði skemmast þeir en einnig er öryggisþátturinn mjög mikilvægur.

**2. Árlega skapast miklar gjaldeyrstekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. ½ til 1% af þeim gjaldreyri sem hestamennskan skapar?**

Á sama hátt er þessi tillaga góð en við höfum ekki ályktað um það en vert að skoða. Allaveganna er ljóst að þörf er á auknu fé í reiðvegi

**3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá umferðarþungum akvegum?**

Það er mjög mikilvægt að færa reiðvegina frá umferðaræðum bæði vegna öryggis en líka er upplifun hestamanna af náttúrunni mikilvægur hluti reiðmennskunar. Á síðustu árum hefur bæði Vegagerðin og sveitarfélög í samstarfi við hestamannfélög unnið að því að færa reiðvegina frá umferðarþungum vegum - við munum styðja við þá þróun

**4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?**

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á mikilvægi íþróttta-, tómsstunda- og æskulýðsmála. Samþætta á leik og nám eftir því sem kostur er. Þannig að það er að okkar mati mjög skynsamlegt að taka skrefið til fulls enda full þörf á fagmenntuðu fólki í ferðaþjónustu og hestamennsku.

Framsókn hefur ályktað um málefni framhaldsskólanna:

"Framhaldsskólinn á að bjóða öllum nemendum fjölbreytt nám við hæfi, sem ýmist lýkur með rétti til að stunda nám á háskólastigi eða viðurkenndum starfsréttindum. Hver og einn skóli á að hafa heimild til að byggja á styrkleikum sínum og séreinkennum og haga námsframboði og starfsháttum í samræmi við það. Framhaldsskólinn þarf á hverjum tíma að vera í stakk búinn til að laga sig að breytingum og áherslum t.d. í

samstarfi við aðila atvinnulífs. Í því ljósi verði lögð áhersla á að undirbúa og ýta úr vör framhaldsskólanámi sem leggur sérstaka áherslu á ferðaþjónustu og undirbýr nemendur undir frekara nám tengt ferðaþjónustu."

Þessi hugmynd LH fellur vel undir það.

### **5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamennskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?**

Framsókn leggur ríka áherslu á mikilvægi íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmála. Stuðla ber að því að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarnargildi.

Þá vill Framsókn einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara. Án þess að um það hafi verið fjallað á flokksþingi mætti velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að virðisauki á reiðhestasölu verði í lægra og sérstöku skattþrepi sambærilegu og ferðaþjónustan. Þannig myndi kostnaður við fjölskylduhestinn lækka og viðskipti í greininni sýnilegri með aukinni skilvirkni á skattaskilum

### **6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann?**

Framsókn hefur ekki ályktað sérstaklega um þetta atriði - margt styður þessa breytingu samanber greinargerðina en mikilvægast er að innan félaga hestamanna sé víðtæk sátt um málið.

### **7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið?**

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á mikilvægi íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmála svo það er vert að skoða.

Söguna um reiðhúsin og reiðhallirnar sem risið hafa á síðustu árum þekkja hestamenn vel - þar stóðu framsóknarmenn fremstir að þeirri uppbyggingu.

Reynslan hefur sýnt að þar var mikið heillaspor tekið sem lyft hefur hestamennskunni um land allt.

**8. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfbóðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.**

Við höfum ekki ályktað um það en Framsókn telur mjög mikilvægt að efla atvinnustarfsemi á Íslandi og telst íslenski helsturinn til útflutingsvara okkar. Mikilvægt er að nýta það fé sem sett er til markaðssetningar sem best. Samningur við LH og BÍ/búgreinafélag hrossabænda væri skynsamlegt skref að taka í þá átt

**9. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna "Smitandi hósta" sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?**

Framsóknarflokkurinn tekur undir mikilvægi þess að setjast niður og ræða við alla hagsmunaaðila til að finna skynsamlegar lausnir á vandamálum samfélagsins. Því erum við tilbúnir til viðræðna um lausn á þessu máli.

Einnig er vert að benda á að við vilum viðhalda góðu heilbrigði dýra sem finnst á Íslandi. Með auknum flutningum dýra milli landa er verið að fórnna meiri hagsmunum fyrir minni.

Nauðsynlegt er að skoða þær leiðir sem eru færar til þess að stemma stigu við því að sambærilegir eða alvarlegri smitsjúkdómar en "smitandi hósti"

berist til landsins. Það viljum við gera í samstarfi við hestamenn og aðra hagsmunaaðila.